

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

96

27. júlí

### I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

#### B. Til eldunar.

Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðu- og eldunartækja.

#### C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.65 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 175.00 til kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götulýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.

2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla í frystihúsi er yfir 20 kw. um kwst. mæli á kr. 0.25 hverja kwst.

Rafmagn til hitunar á bökunarfnum kr. 0.25 hverja kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum til þessara tækja allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund á kvöldi á tímum mesta álags.

#### D. Hitun í iðnaði.

Um tvígjaldsmæli á kr. 0.25 hverja kwst. frá kl. 23 til 8 og kr. 0.35 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Þessi gjaldskrárliður er þó háður því skilyrði, að nægjanlegt rafmagns fáist allan sólarhringinn og jafnframt er heimilt að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi á tímum mesta álags.

### II. MÆLALÆIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 1.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... | — 3.00 — —         |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 50 amp. ....      | — 7.00 — —         |

Af öðrum mælum en þeim, sem nefndir eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

27. júlí

Af hverri hústaug, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugargjald. Skál það vera sem hér segir:

1. Grunngjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Grunngjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug kr. 600.00.

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunngjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm., skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

## 1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 10.00.

## 2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

## V.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð þegar að því kemur, að rafveitan fái orku sína frá Sogsvirkjuninni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgðagjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr. 118 1. júní 1947.

*Atvinnumálaráðuneytið, 27. júlí 1948.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*